

**44. stjórnarfundur, símafundur þann 15. mars 2011 kl. 17-18:15**

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Björn Ármann Ólafsson, Elín Heiða Valsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Boðuð forföll: Hjalti Þór Vignisson.

**1. Samráð um samgöngur**

Í framhaldi af tillögu í greinargerð umhverfisráðuneytisins, með staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs, um samráðsvettvang við hagsmunaaðila um samgöngukerfi þjóðgarðsins, hefur Ráðgjafarstofan Alta unnið tillögu dags. 15/3 2011, að slíku samráði. Tillagan rædd og verður hún útfærð frekar, kynnt og tekin til endanlegrar afgreiðslu á næsta stjórnarfundum.

**2. Leiðrétting fundargerðar 29. stjórnarfundar 30. apríl 2010**

Unnið er að leiðréttingu á einum lið í framangreindri fundargerð, sem stefnt er að samþykkja formlega á næsta stjórnarfundum.

**3. Önnur mál**

Upplýst að verið er að vinna samantekt um kynningu og samráð á vinnslutíma Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:15.